



Samtaka atvinnulífsins



Samtök iðnaðarins



Samtök verslunar og þjónustu

Fjármálaráðuneytið
Fjármálaráðherra
Arnarhvoli við Lindargötu
150 Reykjavík

Efni: Greiðsluaðlögun vegna virðisaukaskatts

SA, SI og SVP lýsa ánægju með aðgerðir undanfarið til þess að mæta greiðsluvanda fyrirtækja og þeim skilningi á stöðu atvinnulífsins sem þær bera vott um. Staðan er hins vegar sú, þrátt fyrir gagnsemi þeirra aðgerða, að útlit er fyrir almenn vandkvæði við skil á næsta gjalddaga virðisaukaskatts, samkvæmt þeim upplýsingum sem samtökunum hafa borist.

Fyrirtæki standa frammi fyrir miklum þrengingum vegna efnahagsástandsins. Skert þjónusta banka, vanskil viðskiptamanna og áhrif gengisbreytinga valda því að fyrirtæki eiga í miklum erfiðleikum við að standa í skilum með opinber gjöld. Samtökin leggja til að fjármálaráðuneytið komi til móts við gjaldendur með breytingum á lögum um virðisaukaskatt þannig að þeim verði gert kleift að forðast vanskil og meðfylgjandi innheimtuaðgerðir af opinberri hálfu. Samtökin leggja til eftirfarandi breytingar á lögum um virðisaukaskatt:

Komið verði á greiðsluaðlögun vegna virðisaukaskatts sem fellur í gjalddaga 5. desember og 5. febrúar næstkomandi þannig að heimilt verði fresta 2/3 hluta gjaldanna og komi það sem eftir stendur til greiðslu á næstu tveimur gjalddögum.

Aðilar sem nýta sér heimild til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum skv. lögum nr. 130 17. nóvember 2008 verði veitt heimild til þess að færa alla heildarfjárhæð virðisaukaskatts til innskatts en ekki aðeins þá fjárhæð sem þeir hafa greitt. Að öðrum kosti gengur greiðslufrestun skv. nýlegri breytingu á tollalögum, nr. 130/2008, til baka í uppgjöri virðisaukaskatts þann 5. desember næstkomandi.

Greiddir verði almennir meðalvextir af þeim hluta greiðslunnar sem frestað er í stað dráttarvaxta, sbr. fyrrnefnd lög nr. 130/2008.

Þá vilja samtökin hvetja fjármálaráðherra til þess að heimila fyrirtækjum sem staðið hafa í skilum fram til þessa en lent hafa í vanskilum með síðustu gjalddaga opinberra gjalda að heimila samninga um greiðsluaðlögun þessara gjalda. Það getur ekki þjónað tilgangi að setja fyrirtæki í góðum rekstri í þrot vegna vanda við innheimtu krafna og skertrar bankaþjónustu.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Vilhjálmur Egilsson

F.h. Samtaka iðnaðarins

Jón Steindór Valdimarsson

F.h. Samtaka verslunar og þjónustu

Andrés Magnússon